



Skólabörnin komin á stjá – förum varlega

Það er venjubundinn fylgiskur haustsins að skólabörnin fari á stjá. Sum hver eru að ganga til og frá skóla í fyrsta sinn og því mikilvægt að sérstakt tillit sé tekið til þeirra. Umferðarþungi við grunnskóla er mikill í upphafi skóladags þegar fjöldi bíla með nemendur innanborðs, hjólandi og gangandi vegfarendur koma saman. Það er æskilegt að gefa sér góðan tíma og flýta sér ekki um of þegar verið er að skutla börnum í skólann.

Skilja stressið eftir heima

Í samtali við Lögregluna á Suðurlandi kemur fram að gott sé að gefa nokkrum atriðum gaum svo hlutirnir gangi vel fyrir sig. Meðal þeirra atriða er að muna eftir sjálfsögdum öryggisbúnaði eins og endurskinsmerkjum og/eða -vestum ásamt hjálmi fyrir þau sem hjóla. Þá er gott að fara yfir leiðina með yngstu nemendum og ganga hana nokkur skipti með þeim til að bæði kenna leiðina og benda á hættur sem ber að varast. Það

ýtir svo undir að þau taki betur eftir umhverfinu. Hvað hana fullorðnu varðar er gott að hafa í huga að skammdegid nálgast og birtuskilyrði eru að breytast. Þá er gott að hafa það bakvið eyrað að ungir vegfarendur eru margir að fara í fyrsta skipti út í umferðina. Þá mætti leiða hugann að því að leggja örlítið fyrr af stað og skilja stressið eftir. Það vill brenna við að slysin gerast oft og tíðum þegar við erum að flýta okkur. -gpp



Velheppnaður sumarfundur ríkisstjórnarinnar á Hellu, þrátt fyrir allt

Þann 18. ágúst sl. kom ríkisstjórnin saman til fundarhalds á Hótel Læk, nærri Hellu á Rangárvöllum. Blíðskaparveður var þennan dag sem allir nutu til fullnustu og fundarfært var undir berum himni. Auk hefðbundins ríkisstjórnarfundar og vinnufundar ríkisstjórnarinnar átti ríkisstjórnin fund með fulltrúum sveitarfélaga í Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Fjöldmörg áherslur sveitarfélaganna voru til umræðu á fundi ríkisstjórnar með fulltrúum sveitarfélaganna, m.a. samgöngumál, málefni heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila á svæðinu, fráveitumál, staða ferðapjónustunnar, störf á landsbyggðinni, svo sem störf án staðsetningar, menningarmál, raforkumál og staða sveitarfélaga á Suðurlandi almennt í Covid-19 faraldrinum.

„Það er ánægjulegt að eiga þetta beina samtal við sveitarfélögin á svæðinu en það má segja að fulltrúar þeirra, eins og fulltrúar annarra sveitarfélaga, hafi staðið í framlínunni undanfarna mánuði og náð að aðlagast störf sín og þjónustu við almenn- ing á undraverðum tíma að gjörbreyttum aðstæðum í samfélaginu,“ sagði Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra að loknum fundi.

Fundur þyrftu að vera reglulegir

Í samtali við Helga Kjartansson, oddvita Bláskógabyggðar kom fram að fundur sem þessi væri mjög nauðsynlegur og þá sennilega aldrei eins og nú þegar aðstæður í þjóðfélaginu eru með þeim hætti eins og raun ber vitni. Samtalið á milli sveitarstjórnarfólks og ríkisstjórnarinnar var mjög gott og skilningur ráðamanna á aðstæðum og ástandinu á Suðurlandi var mjög góður. Eins og gefur að skilja eru mestu áhyggjur þessara tveggja stjórn-sýslustiga þessa dagana vegna ferðapjónustunnar og þeim skelfilegu afleiðingum sem Covid-19 hefur á greinina og á allt samfélagið á Suðurlandi. Fundir sem þessir þyrftu að vera með reglulegum hætti enda nóg af málefnum og verkefnum sem þarf að fara yfir.

Covid-19 setti mark sitt á fundinn

Fréttir bárust svo af því að Covid-19 hefði sett mark sitt á fundinn með fréttum sem eru öllum kunnar. Við því var brugðist bæði af rekstraráðilum og sóttvarnarlækni sem sendi m.a. ráðherra í tvöfalda skimun. Neikvætt kom úr fyrstu skimun.

-gpp

Mistral lagðist við bryggju í fyrsta sinn í Þorlákshöfn

Þann 17. ágúst sl. lagðist nýtt skip Smyril Line Cargo, Mistral, að höfn í Þorlákshöfn í fyrsta sinn. Skipið er samkvæmt upplýsingum það stærsta sem komið hefur í þjónustu til hafnarinnar í Þorlákshöfn en það er 153 m langt og 21 m breitt. Mistral mun leysa skipið Akranes af sem siglt hefur milli Þorlákshafnar, Færeyja og Hirtshals í Danmörku. -gpp



Fáðu
fagmann
í verkið

20 ára
2000-2020

PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og lofnettskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirinn.is



UNDRALAGNIR

ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA

SÍMI 8484768

UNDRALAGNIR@GMAIL.COM

JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAMEISTARI



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Trast og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is



Bjórþóndinn í Ölverk og bakara- drengirnir í GK taka höndum saman

Það var eftirvænting í loftinu í brugghúsi Ölverks í Hveragerði þegar piltarnir úr GK bakaríi á Selfossi mættu með sneisafullann bíl af snúðum. Eins girnilegir og þeir voru og eru var markmiðið ekki að smakka þá að sinni. Ölgerðar-meistari Ölverks mun fara höndum um þá og gæða þá lífi og áfengisþróentu.

Piltarnir hjá GK bakaríi hafa aðeins verið að fíkta með að taka bjór og hrat frá Ölverk í brauðin sín. Svo ruku möffins með bjórkremi út og margir geta ekki beðið eftir því að slegið verði í aðra slíka veislu. Nú skal snúa dæminu við, bakkelsið verður að bjór.

Ásamt snúðunum var búið að handvelja ýmis bjórgerðar-hráefni til að stilla mjóðinn sem best af. Bruggmeistarinn sagði



alltaf vera tilbúinn í að prófa hin ýmsu hráefni til bjórgerðar og var viss um að þetta gæti komið skemmtilega út.

Nú er bara að bíða og sjá hvað verður úr framleiðslunni.

Það var að sjálfsögðu óskað eftir boði í smökkun þegar bjórinn er klár.

Við biðum spennt eftir afurðunum og leyfum ykkur að fylgjast með!

-gpp

Bílaáklúbbur Suðurlands fór hring um uppsveitirnar

Það voru fallegar drossíurnar sem höfðu safnast saman á árbakkanum fyrir framan Hótel Selfoss á laugardag. Til stóð að skreppa hring. „Við byrjum á því að fara á Laugarvatn og skoða það sem helst er að sjá þar. Þá förum við í Laugarvatnshelli og skoðum hann. Þá verður ekið yfir á Þingvöllum. Restin er svo óákveðin,“ segir Eiríkur Ingvarsson, bílaáhugamaður með meiru. Aðspurður um hvort þetta sé lokaferð klúbbsins segir Eiríkur: „Þetta er svona til að fylla aðeins í starfið. Það hefur kannski ekki verið hægt að gera svo margt í sumar svona í ljósi

aðstæðna.“ Við svo búið var kallað hátt og snjallt, það er komið jaja! Fólkið raðaði sér um borð í bílana. Bensínlykt og vélarniður fyllti loftið um stund meðan lestin rúllaði hjá.

Allir bílaáhugamenn velkomnir í klúbbinn

„Það eru allir bílaáhugamenn velkomnir í klúbbinn. Hvort sem þeir eiga bíl eða ekki. Þeir þurfa ekki heldur að vera á mjög gömlum bíl. Sumir í klúbbnum eiga engan bíl meðan að aðrir eiga kannski nokkra,“ segir Eiríkur. Aðal málið er að koma saman og spjalla um bílana og

áhugamálið að því er kemur fram í spjalli okkar. Fundir hafa verið á miðvikudagskvöldum, annan hvern miðvikudag. Mæting á fundi er með ágætum og margir bílaáhugamenn sem koma og skiptast á upplýsingum eða koma til að fá sér kaffisopa. Fundarhöldin hafa þó legið niðri að einhverju leyti vegna Covid-19. Það ætti þó ekki að letja bílaáhugamenn skrá sig í klúbbinn. Hann má finna á Facebook þar sem allar helstu upplýsingar koma fram hvar er hægt að hafa samband.

-gpp



43 km jarðstrengur í Meðallandi

Í síðustu viku var lokið við að plægja um 43 km háspennustreng frá Eystra Hrauni að Melhóli í Meðallandi í V-Skaftafellssýslu. Verkið hófst 8 júlí sl. og gekk vonum framar. Nú er unnið að samsetningu, háspennustrengsins og að uppsetningu rofa- og spennistöðva en 23 spennistöðvar eru á þessari leið.

Stefnt er að því að verkinu ljúki um miðjan október og verður þá aflögd eins vírs

loftlína sem hefur þjónað svæðinu frá árinu 1973. Viðskiptavinum RARIK gefst þá kostur á þriggja fasa rafmagni auk þess sem afhendingaröryggi rafmagns mun aukast til muna en á undanförunum árum hefur tjón á loftlínunum vegna óveðurs á þessu svæði, valdið talsverðu rafmagnsleysi.

Samhliða háspennustrengnum var lagt ljósleiðararör og verður ljósleiðari væntanlega dreginn í það og tengdur



Jarðstrengur plægður meðfram vegi í Meðallandi.



Alls voru plægðir 43 km af háspennujarðstreng í Meðallandi.



Nú er unnið að samsetningu jarðstrengsins og uppsetningu rofa- og spennistöðva.



Full búð af nýjum vörum

Verið velkomin í heimsókn!

Motivo

Hönnun, tíska og gjöfvara

Austurvegi 9 Selfossi S.4821700 Motivo.is



Ljósakvöldi í Múlakoti 2020 aflýst

Ítilkynningu kemur fram að til þessa hafi Ljósakvöld verið fastur haustatburður og smávægis væta hafi aldrei haft áhrif á það. Í fyrra var flúið við inn í matsalinn vegna rigningar. Staðan vegna Covid-19 er slík að ekki er tekin nein áhætta. „Við sjáum ekki fram á að geta haldið 2 m fjarlægð milli samkomugesta og aflýsum því

Ljósakvöldi árið 2020,“ segir að lokum í tilkynningunni.

Gleðistundir á Kvoslæk frestað sömuleiðis
Gleðistundir sem fyrirhugaðra voru á Kvoslæk hefur sömuleiðis verið frestað. „Gleðistundir sem fyrirhugaðar voru að kvoslæk 22.-29. ágúst verður frestað til sumarsins vegna faraldursins.“

Glæsilegur skólavefur opnaður hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri

Skólinn hefur sett nýjan og glæsilegan vef í loftið þar sem útlit hefur verið samræmt við vef Sveitarfélagsins Árborgar. Allar upplýsingar auk aðgengis hefur verið aðlagð að þörfum foreldra og nemenda, auk annarra sem nota vefinn. Þá er unnið að uppfærslu á gögnum og upplýsingum sem fram koma

á vefnum og stefnt að því að þeirri vinnu verði lokið sem fyrst. Veffangið er barnaskólinn. is.

Fleiri vefir uppfærðir á næstunni
Fram kemur í tilkynningu frá Árborg að unnið sé að því að uppfæra aðra skólavefi, bæði fyrir leik- og grunnskóla. -gpp



82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku





HEIMILIÐ OG JÓLIN

Meira úrval af handmáluðum kertum er svo í verslun okkar eða á vefverslun heimilidogjolin.is



Áramótakerti 2020



Handmáluð kerti

Norðurljósin skarta sínu fergursta yfir Selfosskirkju og Ölfusárbrú. Myndirnar sem málað er eftir tók Hallgrímur P. Helgason áhugaljósmyndari.



Kíkið í vefverslun okkar á www.heimilidogjolin.is og skoðið úrvalið eða í verslun okkar Austurvegi 65, Selfossi



UMHVERFIS STOFNUN

Skotvopna- og veiðikortanámskeið

Til að öðlast réttindi til almennra skotveiða er farið á tvö námskeið, skotvopnanámskeið og veiðikortanámskeið. Skráning og nánari upplýsingar á veidikort.is.


Veiðikortanámskeið á Selfossi VERÐ KR. 14.900

27. ágúst kl 17.00 - 23.00. Hótel Selfoss.

Skotvopnanámskeið á Selfossi VERÐ KR. 27.000

2. & 3. september kl. 18:00. Hótel Selfoss.

Þátttakendur á skotvopnanámskeiðum þurfa að skila inn sakavottorði, læknisvottorði og passamynd a.m.k. tíu dögum fyrir námskeiðið á lögreglustöð í umdæmi lögheimilis umsækjanda. Læknisvottorðið þarf að vera sérstaklega útgefið vegna skotvopnaleyfis.



Lotta

Fáar flíkur eru jafn notendavænar og góðir skokkar. Þá má nota eina og sér á sumardegum og alla aðra daga utanyfir boli og buxur.

Þessi skokkur er prjónaður úr Savanna frá Cewec sem er blanda af bómull og silki og því bæði lipur og hlýr og þar að auki mjúkur og notalegur. Garnið fæst í nokkrum skemmtilegum litum.

Stærðir 1 (2) 4 ára. Vídd yfir bringu er 60 (65) 70 sm.

Aðallitur 3 dokkur, aukalitir 1 dokka. Prjónar no 4, 60 sm, prjónamerki, heklunál no 3,5 og 2 tölur.

Skokkurinn er prjónaður ofan frá og niður og hnepping er á baki.

Prjónafesta: 19 l = 10 sm.

Skammstafanir: l = lykkja/lykkjur, umf = umferð/ir, sl = slétt, br = brugðið, sp = setja prjónamerki, suá = slá upp á, fl = fastalykkja, ll = loftlykkja



Berustykki

Fitjið upp 78 (82) 86 l með aukalitnum og prjónið til baka stroff þannig: Takið fyrstu l fram af prjóninum óprjónaða og síðan til skiptis 2 br og 2 sl. Endið á 3 sl. Skiptið yfir í aðallit og prj 4 umf stroff eins og áður. Restin af berustykkinu er prjónuð slétt, þ.e. sl prjón á réttunni og br til baka á röngunni. Fyrsta lykkjan er alltaf tekin óprjónuð.

Næsta umferð er á réttunni og er prjónuð sl og í leiðinni eru sett prjónamerki þannig: Prjónið 11 (12)



13 l, sp, 2 l, sp, 14 l (hægri öxl), sp, 2 l, sp, 20 (22) 24 l (bak), sp, 2 l, sp, 14 l (vinstri öxl), sp, 2 l, sp, 11 (12) 13 l. Prjónið brugðið til baka.

Útaukningar: **Prj 11 (12) 13, suá, 2 l (* hér fjölga um 2 l í hvert sinn), suá, 14 l, suá, 2 l *, suá, 20 (22) 24 l, suá, 2 l *, suá, 14 l, suá, 2 l *, suá, 11 (12) 13 l. Prj br til baka. ** Endurtakið ** - ** alls 8 (9) 10 sinnum. Þá eru á prjóninum 142 (154) 166 l.

Prjónið 4 (5) 7 umferðir án þess að auka út. Í næstu umferð er prj stroff á axlarhlutum þannig: Prj 20 (22) 24 sl l, þá stroff þannig: 2 br, 2 sl til skiptis alls 32 (34) 36 l, prj 38 (42) 46 sl l og þá aftur stroff á sama hátt og áður og að lokum 20 (22) 24 sl l.

Tengið saman bakhlutana með því að prjóna áfram á réttunni. Í næstu umferð eru stroff lykkjurnar felldar laust af. (2 br, taka fyrri l yfir þá seinni, 1 sl, taka þá fyrri yfir, 1 sl, taka þá fyrri yfir, 1 br, taka þá fyrri

yfir osfrv). Í næstu umferð eru fitjaðar upp 19 (19) 20 lykkjur í handvegum. Þá eru 116 (124) 132 l á prjóninum.

Pils

Prjónið 7 umf sl. Setjið nú prjónamerki til að minna á útaukningar þannig: sp þar sem umferð byrjar, 11 (12) 13 l, sp, 37 (39) 41 l, sp, 20 (22) 24 l, sp, 37 (39) 41 l, sp, 11 (12) 13 l.

** Útaukning á pils: Prj 11 (12) 13 l, suá, 37 (39) 41 l (* fjölga um 2 l í hvert sinn), suá, 20 (22) 24 l, suá, 37 (39) 41 l (*), suá, 11 (12) 13 l. Prjónið 6 umf sl **. Endurtakið ** - ** alls 8 (10) 13 sinnum en þá eru á prj 148 (164) 184 l. Prj stroff eins og áður, 4 umferðir með aðallit og síðan 2 umf með aukalit. Fellið laust af.

Frágangur

Heklið með aukalitnum niður hægri boðung, Sækið lykkju í gegnum efstu prj l, gerið 1 ll og síðan í hvert bil. Heklið áfram upp vinstri boðung. Heklið fl til baka niður og gerið í leiðinni tvö hnappagöt þannig, 1 ll, 1 fl í síðustu fl síðustu umf, 2 ll, fl í þriðju fl og fl þar til 6 l eru eftir en þá er aftur gert hnappagat á sama hátt og síðan fl áfram niður. Slítið frá og dragið endann í gegnum lykkjuna. Þræðið nál á endann og setjið yfir á rönguna þar sem síðasta fl á hægri boðungi var heklud, þannig leggst sá vinstri yfir. Gangið frá endanum sem og öllum hinum. Saumið tölur á. Þvoið úr volgu sápuvatni og leggið til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Rættist úr sumrinu á Þórsörk



Gengið með efnivið og búnað upp á Morinsheiði. Ljósmynd: Isabel Cadec.

Vinna við stígagerð og viðhald á Þórsörk hefur gengið vel í sumar. Hópur sumarstarfsfólks hefur verið þar að störfum fyrir tilstilli atvinnuáttaks stjórnvalda en eftir að liðkast fór um ferðalög fólks til landsins hafa sjálfbóðaliðar bæst í hópinn. Þrátt fyrir veirufaraldurinn náðist að skipuleggja sex vikna sjálfbóðastarf á svæðinu í sumar.

Veirufaraldurinn setti stórt strik í reikninginn við undirbúning starfsemi Skógræktarinnar á Þórsörk þetta árið. Þegar ljóst varð að starf sjálfbóðaliða sem ráðnir höfðu verið til dvalar og starfa á Þórsörkssvæðinu í sumar væri í uppnámi var um hrið óvíst hvað yrði um öll þau brýnu verkefni sem bíða á hverju ári.

Starfið hófst í nokkurri óvissu í maímánuði með hefðbundinni undirbúningsvinnu í starfstöð Skógræktarinnar í Þjórsárdal. Þar er timbur úr íslensku þjóðskógunum tekið til vinnslu og unninn efniviður í tröppur, palla, stikur og mannvirki sem stýra vatnsrennsli og draga úr hættu á vatns- og vindrofi.

Í sumarbyrjun var líka unnið að söfnun gagna í GIS-landupplýsingakerfi sem gagnast við kortlagningu og áætlanagerð meðal annars. Unnið var að undirbúningi nýs útivistarkorts þar sem meðal annars verða hjólaleiðir. Einnig var ráðist í viðhald og endurbætur í starfstöð Skógræktarinnar í Langaðal þar sem eru grunnbúðir sjálfbóðahópanna.

Sjálfbóðaliðar bætast í hópinn

Margir af þeim sjálfbóðaliðum sem valdir höfðu verið til starfa í sumar völdu að fresta för til næsta árs og vonandi verða að staðir þá aðrir í heiminum. Í staðinn gerðu atvinnuáttaksverkefni stjórnvalda Skógræktinni kleift að ráða fleira sumarstarfs-

fólk en venjulega til starfa. Góður hópur sumarstarfsfólks hefur unnið gott starf í sumar á Þórsörkssvæðinu.

En ekki fór þó svo að starf sjálfbóðaliðanna væri alveg fyrir búi þetta árið. Strax í júní tóku að tínast til landsins sjálfbóðaliðar þegar liðkað var til fyrir ferðalögum til landsins. Vinnusömum höndum hefur því smám saman verið að fjölga á Þórsörk. Segja má að allt hafi fallið í réttar skorður um 20. júlí því þá hófst sex vikna törn sjálfbóðahópa, sem tókst með endurskipulagningu að setja saman, þrátt fyrir veirufaraldurinn. Því er óhætt að segja að ræst hafi úr með verkefnin á Þórsörkssvæðinu í sumar eftir margra mánaða óvissutíma.

Endurbætur á Valahnúki og Fimmvörðuhálsi

Það sem af er sumri hefur annars vegar verið lögð áhersla á að leggja stein- og timburtröppur í gönguleiðunum á Valahnúk og hins vegar almennt viðhald á gönguleiðinni um Fimmvörðuháls og endurbætur á merkingum þar. Eins og venjulega hafa sjálfbóðaliðar líka tekið þátt í gróðursetningu. Þetta gera þeir meðal annars til að vega á móti kolefnislosun ferðalaga sinna en í þetta sinn var einnig unnið við gróðursetningu kynbættar asparklóna í móðurreit á Tumastöðum í Fljótshlíð.

Hóparnir hafa tekið myndir sem birtar hafa verið á vef sjálfbóðastarfsins á Þórsörk, Þórsörk Trail Volunteers. Við sjáum meðal annars brúarsmíði og varðeld á tjaldsvæðinu í júlíblíðunni en líka myndir af stormasömum og blautum dögum það sem af er ágústmánuði. Þrátt fyrir veðrið síðustu daga gengur starfið vel og allir glaðir í regngöllum. Fleiri myndir má sjá á umræddum vef. Texti: Pétur Halldórsson.



Brúarsmíði í Langaðal. Ljósmynd: Charles J. Goemans.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.

Ritstjórn: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánuðögum.

Upplag 8.800 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég tek mér stundum stöðu á dauðra gröf.
Stöðugt mig í kirkjum er að sjá.
Fáeinum sendir forsetinn mig að gjöf.
Ég forða sýki, hangi ég brjósti á.

Svar við gátu í blaði 2560: VITI.

1. lína: Áttaviti - 2. lína: Ljósaviti

3. lína: Öfviti - 4. lína: Oddviti

Árborg tekur upp netspjall

Komið hefur verið upp netspjalli á vefsíðu Sveitarfélagsins Árborgar til þess að bæta við leiðum fyrir íbúa til þess að vera í sambandi við sveitarfélagið með erindi sín. Netspjallið hefur verið virkt til prufu hjá Sveitarfélaginu í ágúst. Nú þykir það hafa sannað sig og tímabært að kynna það fyrir öllum íbúum. Samkvæmt upplýsingum blaðsins er verið að vinna í því að gera fleiri þætti heimasíðunnar þannig úr garði gerða að hægt verði að gera sem flest á rafrænan máta hjá sveitarfélaginu.

-gpp



Finnst þér gaman að vinna með börnum?

Finnst þér gaman að vinna úti?

Gleði, vinsemd og virðing

Leikskólinn Leikholt óskar eftir að ráða leikskólakennara í 100% stöðu frá og með 14. september 2020. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í leikskólanum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar og stundvísi.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra.

Leikskólinn Leikholt er Græn fána leikskóli, þar vinna 14 starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandi. Við leggjum áherslu á ART þjálfun, mikla málörvun og læsi og kennslu í gegnum leikinn. Einnig erum við þátttakendur í vinnuverkefninu Blær sem er forvarnarverkefni gegn einelti. Einkunnarorð leikskólans eru: Gleði, vinsemd og virðing.

Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri sími 486-5586/895-2995 og áhugasamir geta sent umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið leikholt@leikholt.is.

Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í stöðuna. Starfið hentar öllum óháð kyni og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2020.

Leikskólinn Leikholt er í Brautarholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 20 mín akstur frá Selfossi.

Hefur þú gaman að krefjandi verkefnum? Langar þig að vinna með skemmtilegu fólki og yndislegum börnum?

MIKIÐ ÚRVAL AF HLÝJUM VINNUFATNAÐI Í VERSLUN OKKAR Á SELFOSSI OG Í VEFVERSLUN



FRÍ HEIMSENDING Á PÖNTUNUM YFIR 30.000 Í VEFVERSLUN *



* Frír flutningur er í boði fyrir póstnúmer 101-371 og 800-881.

KÍKTU Á ÚRVALIÐ Á WWW.FODUR.IS



Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á haustönn 2020
er til 15. október nk.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Menntasjóði námsmanna geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu vegna náms og greiða leigu).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjarri skóla).

Opnað er fyrir umsóknir 1. september 2020.

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með rafrænum skilríkjum á Mitt LÁN sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar www.menntasjodur.is eða island.is. Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.menntasjodur.is).

Menntasjóður námsmanna
Námsstyrkjanefnd



Auglýsing um skipulagsmál í Ölfusi

Auglýsing um þrjár deiliskipulagstillögur í Sveitarfélaginu Ölfusi

Deiliskipulag vegna fiskeldisstöðvar við Laxabraut 21-25 í Þorlákshöfn.

Á 333. fundi Bæjarráðs Ölfuss 20.8.2020 sl., var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Laxabraut 21-25 í samræmi við 1. málsgrein 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Reist verða mannvirki í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fódursílóa og súrefnistanka auk vatns- og frárennslislagna, ásamt lagningu gatna, plana og bílastæða. Vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum innan lóðar. Frárennslislag verður síað og hreinsað áður en það verður leitt til sjávar. Afurðir verða fluttar að stærstum hluta á erlenda markaði. Þegar fiskeldið verður komið í fullan rekstur er gert ráð fyrir allt að 20.000 tonna ársframleiðslu.

Deiliskipulag fyrir Lind í Ölfusi.

Á 333. fundi Bæjarráðs Ölfuss 20.8.2020 sl., var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Lind í Ölfusi í samræmi við 1. málsgrein 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhugað er að reisa skemmu á landinu en markaðir eru byggingarreitur fyrir 3 hús og 3 frístundahús auk tveggja bygginga til landbúnaðarnota í samræmi við aðalskipulag.

Deiliskipulag fyrir Lindabæ í Ölfusi.

Á 333. fundi Bæjarráðs Ölfuss 20.8.2020 sl., var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Lindabæ í Ölfusi í samræmi við 1. málsgrein 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan sem gerir ráð fyrir að skipta landinu í tvær lóðir. Lóðirnar verða um 0,5 ha og 2 ha. Markaður er byggingarreitur fyrir íbúðarhús á báðum lóðum en á þeirri minni stendur nú þegar eldra hús innan reitsins sem þar er markaður.

Tillögurnar liggja frammi til kynningar á sveitarskrifstofu Ölfuss að Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn frá 26. ágúst – 9. október.

Frestur til að gera athugasemdir er frá 26. ágúst – 9. október 2020. Skila má athugasemdum á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarberg 1, eða rafrænt á skipulag@olfus.is.

Gunnlaugur Jónasson.
Skipulagsfulltrúi Ölfuss.



Framlög til sveitarfélaga á Suðurlandi vegna hruns í ferðaþjónustu

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, kynnti ríkisstjórnarskiptingu 150 milljóna króna fjárveitingar til sex sveitarfélaga vegna hruns í ferðaþjónustu í kjölfar Covid-19. Alls eru það fimm sveitarfélög á Suðurlandi sem fá úthlutað styrknum. Það eru Sveitarfélagin Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur sem fá hvert um sig úthlutað 32 m.kr. Bláskógabyggð, Rangárþing eystra og Sveitarfélagið Hornafjörður fá hvert um sig 18 m.kr. í sinn hlut. Þá var eitt sveitarfélag á Norðurlandi eystra sem fékk úthlutað 32 milljónum en það var Skútustaðahreppur.

Alþingi samþykkti í vor 150 m.kr. framlag á fjáráukalögum 2020 til að styðja við atvinnulíf og samfélag vegna hruns í ferðaþjónustu í sveitarfélögum sex. Markmið aðgerðanna er að skapa betri grundvöll fyrir fjölbreyttara atvinnulíf til lengri tíma og styrkja stöðir þeirra og stuðla að nýsköpun.

Byggðastofnun birti í maí sl. samantekt með greiningu á áhrifum hruns ferðaþjónustu

á sveitarfélög. Greiningin gaf vísbendingar um hvaða sveitarfélög og svæði kynnu að standa veikast vegna tímabundins hruns í ferðaþjónustu. Niðurstaða Byggðastofnunar var sú að sveitarfélögin sex stæðu verst að vígi eftir hrun ferðaþjónustunnar í vor.

Tvö teymi með fulltrúum frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Byggðastofnun og Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra annars vegar og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga hins vegar fengu það verkefni að greina nánar stöðu og áskoranir sveitarfélaganna sex. Teymin hafa nú skilað greinargerð ásamt tillögum um skiptingu fjárveitingarinnar á fjáráukalögum. Í greinargerðinni er fjallað um lýðfræðilega þróun og atvinnulíf á svæðunum en atvinnuleysi í þessum sveitarfélögum í júnílok var frá 13%-34% en meðaltal atvinnuleysis á landinu öllu var um 10%.

Í greinargerðinni er staða sveitarfélaganna sex metin innbyrðis. Þar er metið hlut-

fall ferðaþjónustu af atvinnulífi í hverju sveitarfélagi, möguleikar á annarri vinnusókn og framkomin áhrif eins og atvinnuleysi og lýðfræðileg samsetningu íbúa. Þegar horft var til þessara þátta var niðurstaðan sú að Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur og Skútustaðahreppur stæðu verst að vígi en að Bláskógabyggð, Rangárþing eystra og Sveitarfélagið Hornafjörður gætu brugðist betur við áhrifum faraldursins. Í þremur fyrrnefndu sveitarfélögum væri hlutdeild ferðaþjónustunnar af atvinnulífi svæðisins mjög há, atvinnuleysi mikið og takmarkaðir möguleikar á annarri vinnusókn vegna fjarlægðar frá stærri vinnusóknarsvæðum. Í þremur síðarnefndu sveitarfélögum væri atvinnulíf fjölbreyttara. Í Sveitarfélaginu Hornafirði væri t.d. öflugur sjávarútvegur á Höfn, Rangárþing eystra í útjaðri vinnusóknarsvæðis Árborgar og Bláskógabyggð á eða alveg við vinnusóknarsvæði Árborgar.

-gpp

Tveggja kinda reglan við réttarstörf og leitir



Landssamtök sauðfjárbænda hafa gefið út leiðbeiningar vegna ganga og rétta í Covid-19, en margir hafa velt yfir því vöngum hvernig standa skuli að hefðbundnum réttarstörfum þar sem sauðfé og menn standa á stundum þétt saman. Leiðbeiningarnar voru unnar í samstarfi Almannafræðis, Landssamtaka sauðfjárbænda, Bændasamtaka


Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lagt er til að fólki við leitir og réttarstörf hafi að öllu jöfnu tveggja kinda bili sín á milli til þess að tryggja sóttvarnir.

Aðeins þeir sem hafa hlutverk mæti í réttir og göngur

Sveitarstjórn á hverju svæði fyrir sig er ábyrg fyrir því að reglum um smitvarnir sé fylgt.

Almennt er áhersla lögð á að að „við séum öll almannavarnir“ og hver og einn beri ábyrgð á eigin athöfnum. Þá er tekið fram að almenna reglan fyrir árið 2020 sé sú að aðeins þeir sem hafa hlutverk mæti í göngur og réttir vegna 100 manna hámarksreglu. Börn fædd 2005 eða síðar eru undanskilin fjöldatakmörkun. Hliðvarsla verður að aðkeyrslu við réttir og þeim einum hleypt að sem eiga þangað erindi. Ítarlegri reglur nálgast hjá vefnum saudfe.is sem er vefur Landssamtaka Sauðfjárbænda.

-gpp



Umhverfisslys, sóðaskapur, lögbrot



Þegar ýtustjórinn byrjar sína vinnu þ.e. að dreifa úr malbikinu.

Nú í sumar hefur fleiri bíl-förum af malbiki verið ekið frá Selfossi í gryfju rétt austan við hesthúsin á Stokkseyri. Samkvæmt upplýsingum sem undirritaður fékk frá Umhverfisstofnun er gamalt malbik úrgangur sem þarf að fara með á viðurkennda móttökustaði fyrir úrgang og væri því þessi ráðstöfun með öllu óheimil. Umhverfisstofnun hafði samband við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vegna ábendingar minnar þar sem söfnunarstöðvar úrgangs eru starfsleyfis skyldar hjá þeim. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er því með málið til skoðunar í dag. Mánudaginn 17. ágúst var komið með jarðýtu á svæðið við Stokkseyri og malbikið jafnað út og dreift yfir ca 2000 fermetra. Varla var því verki lokið þegar fleiri malbikshlöss bárust á svæðið. Í grein í Fréttablaðinu þann 18. ágúst segir Gísli H. Hall-

dórsson, bæjarstjóri Árborgar, að um leið mistök sé að ræða og malbiksúrgangurinn verði fjarlægður. Það er ánægjulegt til þess að vita að bæjarstjóri ætli að sjá til þess að malbikið verði fjarlægt en að sama skapi er það leitt fyrir okkur íbúa Árborgar að þurfa nú að sjá fram á margfalt kostnaðarsamari aðgerðir en annars hefðu þurft að

vera. Betra hefði verið að nýta það fé í skynsamlegar framkvæmdir, jafnvel á Stokkseyri. Á því svæði sem malbikinu hefur verið komið fyrir er ótrúlega fjölbreytt fuglalíf og þar ganga um hestar, kindur og ekki er langt í kyrnar. Vatn er ein allra verðmætasta auðlind jarðarinnar. Spillum ekki þeirri auðlind, hvorki fyrir okkur mannfólkinu né dýrunum með sóðaskap sem þessum sem hér hefur átt sér stað. Í umhverfisstefnu Sveitarfélagsins Árborgar má lesa ýmislegt sem á engan hátt samræmist því sem hér hefur verið framkvæmt. Nú er það von mín að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands taki á þessu máli, sjái til þess að malbikið verði fjarlægt því hér er um klárt lögbrot að ræða.

Björgvin Tómasson
íbúi á Stokkseyri



Búið að jafna öllu út og dreifa yfir ca 2000 fermetra.



Stangveiðitímanum í Veiðivötnum lokið

Það eru fjölmargir sem sækja Veiðivötnin heim á sumri hverju og finnst ómissandi hluti af veiðisumrinu að renna þangað. Stangveiðitímanum í Veiðivötnum lauk 19. ágúst sl. Veiðitíminn spannaði 9 vikur en alls veiddust á stangveiðitímanum 17.570 fiskar. Þar af 7936 urriðar og 9634 bleikjur. Þetta er mun lakari veiði en verið hefur

undanfarin ár og svipar til áranna 2014 og 2015. Í loka viku stangveiðitímans veiddust 912 fiskar; 141 bleikja og 771 urriði.

Snjóölduvatnið gjöfult

Flestir fiskar komu á land í Snjóölduvatni. Þar veiddust 5293 fiskar í sumar, mest bleikja. Í Litlasjó fengust 3042 urriðar. Þetta er talsvert lakari veiði í

Litlasjó en undanfarin ár. Þetta kom á óvart, því samkvæmt rannsóknum fiskifræðinga er mikið af fiski í Litlasjó, en af einhverjum ástæðum tók hann illa. Meðalþyngd afla í Litlasjó er 2,32 pd. Besta meðalþyngd afla í sumar er í Arnarpollí, 2,67 pd. og í Grænavatni, 2,39 pd. Þyngsti fiskur sumarsins er 13.56 pd. urriði úr Grænavatni.

Ungmennaráð í Árborg vill Svansvottaðar byggingar

Í erindisbréfi sem Ungmennaráð Árborgar sendi til Fræðslunefndar og Bæjarstjórnar kemur fram að ráðið telji „ákjósanlegt fyrir framsækið sveitarfélag með nútímalega umhverfisstefnu að byggingar sem byggðar eru á vegum sveitarfélagsins séu Svansvottaðar. Kópavogsbær hyggst nú byggja Kársnesskóla

að nýju en nú Svansvottaðan. Nýi miðbærinn er Svansvottaður og ætti Sveitarfélagið Árborg að fara létt með það að Svansvotta nýja skólann sunnan Suðurlá. Ungmennaráð Sveitarfélagsins Árborgar skorar á Fræðslunefnd og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar að byggingar sem byggðar eru á vegum sveitarfé-

lagsins séu allar Svansvottaðar. Góð byrjun væri grunnskóli sunnan Suðurlá.“ Helgi Sigurður Haraldsson, forseti bæjarstjórnar, lagði til að erindinu yrði vísað til fræðslunefndar, eigna- og veitunefndar og umhverfisnefndar til skoðunar. Tilagan var samþykkt samhljóða.

-gpp



Innilegar þakkir til þeirra er sendu kveðjur og heiðruðu minningu

Ragnheiðar Haraldsdóttur, Stóru-Mástungu



Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilisins Grundar fyrir afar góða umönnun.

Vaka Haraldsdóttir

Ágúst Guðmundsson

Haukur Haraldsson

Margrét Steinþórsdóttir

Bjarni Haraldsson

Anna Kr. Ásmundsdóttir

Kolbrún Haraldsdóttir

Helgi Már Gunnarsson

Ragnar Haraldsson

Kristín Ásta Jónsdóttir

Örn Haraldsson

Sigrún Sigurjónsdóttir

og fjölskyldur

Auðlindin, atvinnu- og virkniúrræði óskar eftir starfsmanni í 50% starfshlutfall

Auðlindin og Ung Auðlind eru skapandi atvinnu- og virkniúrræði á vegum fjölskyldusviðs Árborgar. Markmið hennar er að efla ungt fólk frá aldrinum 16 ára til náms eða starfa.

Í Auðlindinni eru einstaklingar frá 18 ár aldri, en þau sem yngri eru falla undir Ung-Auðlind. Áhersla er lögð á skapandi umhverfi, félagslega og einstaklingsmiðaða nálgun þar sem unnið er út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins.

Auðlindin sinnir mikilvægu hlutverki þegar þörf er á félagslegu úrræði fyrir ungt fólk sem byggir á góðu samstarfi við atvinnulíf og stofnanir í samfélaginu sem og aðra er koma að málefnum ungs fólks.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Virk þátttaka í skipulagningu starfsins.
- Náin vinna með skjólstæðingum.
- Eftirfylgni við samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskóla- eða iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Handlagni, iðn- eða verkmenntun er kostur.
- Áhugi, reynsla og hæfni á skapandi starfi með ungu fólki.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæði og góður samstarfsvilji.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Góð enskukunnátta kostur.
- Hreint sakavottorð.

Um er að ræða 50% framtíðarstarf með möguleika á auknu starfshlutfalli síðar meir. Opnunartími Auðlindar er frá 8:30 til 14. og vinnutími sveigjanlegur innan þess tíma. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitafélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Klara Öfjörð, verkefnastjóri Auðlindar, atvinnu- og virkniúrræðis, s. 480 1947, netfang: klara@arborg.is og Heiða Ösp Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónstu s. 480 1900, netfang: heidaosp@arborg.is.

Umsókn ásamt starfsferliskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skal berast í gegnum ráðningar-vef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is>. Umsóknarfrestur er út miðvikudaginn 2. september.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is



Hrvoje Tokic tryggði Selfyssingum sigur með marki eftir frábært einstaklingsframtak. Ljósmynd af fésbókarsíðu knattspyrnudeildar Selfoss/GKS

Þriðji sigurleikur Selfyssinga í röð

KNATTSPYRNA Selfoss vann góðan eins marks sigur á Kára í 2. deild þegar liðin mættust í rjómabliðu á JÁVERK-vellinum á sunnudag.

Selfyssingar voru sterkari aðilinn í leiknum og fengu haug

af færnum. Liðinu tókst þó ekki að brjóta ísinn fyrir en eftir tæpla klukkutíma leik. Þar var að verki Hrvoje Tokic en hann lék illa á nokkra varnarmenn gestanna áður en hann setti boltann í netið. Frábært einstaklingsfram-

tak. Fleiri urðu mörkin ekki og sigur staðreynd.

Selfoss er í þriðja sæti deildarinnar með 22 stig. Næsti leikur liðsins er fyrir norðan á laugardag þegar liðið sækir botnlið Völsungs heim.

Litli íþróttaskólinn

FIMLEIKAR Búið er að opna fyrir skráningu í íþróttaskóla fimleikadeildar Selfoss en skólinn hefst sunnudaginn 13. september í Baulu, íþróttahúsi Sunnulaekjarskóla og stendur námskeið haustsins yfir í tólf vikur. Íþróttaskólinn er fyrir börn fædd 2015 - 2020.

Umsjón með íþróttaskólunum er í höndum Berglindar Elíasdóttur íþróttatræðings og Unnar Þórisdóttur nema í sjúkrapjálfun. Í íþróttaskólanum er boðið upp á fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar sem miða að því að auka hreyfifærni, samhæfingu og að hafa gaman í skemmtilegu umhverfi.

Skráning fer fram í gegnum skráningar- og greiðslukerfinu Nóra á slóðinni selfoss.felog.is. Frekari upplýsingar um

íþróttaskólann má finna á vefsíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net eða með því að senda póst á fimleikar@umfs.is.



Gleðin er í fyrirrúmi í íþróttaskóla barnanna. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Inga Heiða

Selfoss semur við sex unga leikmenn

KNATTSPYRNA Knattspyrnudeild Selfoss skrifaði í seinustu viku undir samning við sex unga og efnilega leikmenn.

Þetta eru þeir Aron Einarsson, Stefán Þór Ágústsson, Jón Vignir Pétursson, Aron Fannar Birgisson, Valdimar Jóhannsson og Aron Darri Auðunsson. Allir skrifuðu þeir undir tveggja ára samning við félagið.

Það er mikið fagnaðarefni fyrir liðið að hafa þessa leikmenn í sínum röðum næstu árin og fylgjast með þeim vaxa og dafna innan sem utan vallar.

Þetta eru metnaðarfullir og duglegir drengir sem eiga framtíðina fyrir sér í boltanum.



Leikmennirnir með tveggja metra millibili í stúkunn á Selfossvelli. Fyrir aftan eru Aron Fannar, Stefán Þór og Aron Darri og fyrir framan eru Jón Vignir, Valdimar og Aron Einarsson. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Haukar sigurvegarar á Ragnarsmóti

HANDBOLTI Ragnarsmóti karla 2020 lauk um helgina þegar leikið var um sæti. Haukar stóðu uppi sem sigurvegarar og óskum við þeim til hamingju með titilinn eftirsótt. Á hverju móti eru veitt einstaklingsverðlaun og sat

valnefnd að störfum allt mótið. Var Selfyssingurinn Atli Ævar Ingólfsson valinn besti leikmaður mótsins.

Ragnarmóti kvenna lauk á mánudag og verður fjallað um það í næstu viku.

Ragnarsmótið í handbolta	
1. sæti Haukar	16. - 24. ágúst 2020
2. sæti Afturelding	
3. sæti ÍBV	
4. sæti Selfoss	
5. sæti Fram	
6. sæti Stjarnan	
Markahæstur: Guðmundur Ámi Ólafsson - 19 mörk (Afturelding)	
Markmaður mótsins: Lárus Helgi Ólafsson (Fram)	
Varnarmaður mótsins: Adam Haukur Baumeik (Haukar)	
Sóknarmaður mótsins: Tjórvi Þorgeirsson (Haukar)	
Besti leikmaðurinn: Atli Ævar Ingólfsson (Selfoss)	

Hákon sýndi góða takta á Íslandsmeistaramótinu í skeet í Hafnarfirði

Íslandsmeistaramótið í skeet var haldið í Hafnarfirði helgina 15. til 16. ágúst sl. Á mótinu náði Hákon Þór Svavarsson frá Skotíþróttafélagi Suðurlands að jafna Íslandsmetið sem er 121 stig af 125 mögulegum. Skorið í umferðunum í undankeppninni var 21, 25, 25,25,25 og er það í fyrsta skipti sem Íslenskur skotmaður nær 100 í röð í móti í Olympísku skeet. Hákon endaði í 3 sæti í úrslitum með 42 stig og varð Íslandsmeistari í meistaraaflokki. Aðspurður segist Hákon vilja þakka samstarfið með þjálfaranum sínum Nikolaos

Mavrommatis frá Grikklandi og einnig styrktaraðilanum Gjögur ehf. sem hefur stutt dyggilega við bakið a honum síðustu 2 ár. Skotfélag Suðurlands átti þrjá aðra keppendur. Það eru þau Aðalsteinn Svavarsson, Jakob Þ. Leifsson og Helga Jóhannsdóttir. Aðalsteinn, Hákon og Jakob sigruðu liðakeppnina með 334 stig og komust þeir allir í 6 manna úrslit. Aðalsteinn varð sjötti með 104 stig og 10 í úrslitum. Jakob varð fimmti með 109 stig og 18 í úrslitum. Helga varð fjórða í Kvennaflokki með 87stig og 20 í úrslitum. -gpp



Stálgrindin rís í nýju íþróttahúsi á Selfossi

Fyrsti grindarhlutinn af stálgrindinni í fjölnota íþróttahúsi á Selfossi var hífður á sinn stað þann 20. ágúst sl. Húsið tekur sífellt á sig betri mynd

og margir spenntir yfir því að sjá hvernig framkvæmdum miðar áfram. Það er norðurhlið hússins sem verið er að reisa um þessar mundir. -gpp



Gæsatímabilið hafið

Veðimenn hafa margir beðið óþreyjufullir eftir því að komast á gæsaveiðar. Gæsaveiðar eru heimilar frá 20. ágúst 2020 til 15. mars 2021. Ætla má að fjöldi veiðimanna hafi farið til veiða liðna helgi, sérstaklega þeir sem ætla sér að ná í heiðargæsir. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun stendur sá stofn sterkt og þolir veiðina vel. Þá er tekið fram að grágæsarstofninn sé á niðurleið miðað við síðustu talningar og veiðimenn beðnir að hafa það í huga við veiðar.

Andaveiðitímabilið handan við hornið
Þá eru veiðimenn minntir á að óheimilt er að skjóta ófleyga fugla en ákveðin hættu er á að rekast á ófleyga unga þar sem varp hefur farið seint af stað. Einnig er ástæða til að minna á alfriðun blesgæsarinnar en hún hefur verið friðuð síðan 2003 og að veiðar á hellingja í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum hefjast ekki fyrr en 25. september. Eftir mánaðarmótin hefst andaveiðitímabilið, en margir hreyfa sig ekki úr húsi fyrr en



báðar tegundir eru leyfðar til veiði.
-gpp

Framkvæmdir á búningsklefum og aðsókn í sundlaugina á Hvolsvelli í sumar

Nú standa yfir framkvæmdir á búningsklefum í sundlauginni á Hvolsvelli. Upphaflega stóð til að skipta um gólf- og veggefni, þ.e. þússa epoxy efnið af gólfinu og setja flísar og setja svo nýja skápa í stað þeirra gömlu. Þegar farið var af stað breyttist verkplanið. Ákveðið var að stórbæta aðgengi fyrir fatlaða, nýjir

vaskar og klósett, vatnslagnir voru stækkaðar svo að komið verður fyrir fleiri sturtum, hiti verður settur í gólf, betri loftræsing, nýjir gluggar og hurðir ofl auk þess sem gangurinn frá búningsklefum fram að afgreiðslu verður flísalagður. Áætlað er að búningsklefarnir verði tilbúnir með haustinu.



Mikil aðsókn í sumar
Aðsókn í sumar hefur verið gríðarlega mikil og mun meiri en undanfarin ár. Það er greinilegt að Íslendingar eru að ferðast mikið um Suðurlandið. Fjöldi gesta seinni hluta júní og í júlí var um 3000-3500 gestir í hverri viku, mestmegnis íslenskir ferðamenn ásamt heimamönnum.
Vegna framkvæmdanna notast sundlaugagestir við búningsklefana sem ætlaðir eru fyrir íþróttasalið og líkamsræktina sem og útiklefa. Starfsfólkið hefur unnið mjög gott starf við að halda þessum klefum snyrtilegum og reynt eftir fremsta megni að halda gólfnum þurrum.
Nú er skólastarfið að hefjast og ljóst að lítið pláss verður í klefum fyrir almenning á meðan nemendur í Hvolskóla eru í íþróttahúsinu. Starfsfólk mun reyna að stýra umferð í klefana til að árekstrar verði sem minnstir.

Grímur Hergeirsson settur lögreglustjóri á Suðurnesjum

Dómsmálaráðherra ákvað Dað Grímur Hergeirsson, staðgengill lögreglustjórans á Suðurlandi, verði tímabundið settur í embætti lögreglustjóra á Suðurnesjum, frá 1. september til 1. nóvember nk. Margrét Kristín Pálsdóttir, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu, mun gegna stöðu aðstoðar-lögreglustjóra hjá embættinu á sama tímabili. Embættið verður auglýst laust til umsóknar við fyrstu hentugleika.
Þetta er í kjölfar þess að Ólafur Helgu Kjartansson, fráfaramandi lögreglustjóri á Suðurnesjum tók við starfi sérfræðings í málefnum landamæra í Dómsmálaráðuneytinu næstu mánaðamót. Flutningur Ólafs er á grundvelli ákvæðis 36. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en ákvæðinu var breytt árið 2016, m.a. í því skyni að gefa skipuðum forstöðumönnum



Grímur Hergeirsson og Margrét Kristín Pálsdóttir.
ríkisins færi á að flytja sig í annað starf og auka þannig hreyfanleika forstöðumanna, m.a. í tengslum við starfslok GrímurHergeirssonlaukprófi frá lögregluskóla ríkisins 1998 og starfaði sem lögreglumaður og rannsóknarlögreglumaður hjá lögreglustjóranum á Selfossi til ársins 2004. Lauk meistaraþrófi í lögfræði frá HÍ 2009 og málf lutningsréttindum fyrir héraðsdómi sama ár. Hann var starfandi lögmaður til ársins 2014 og frá þeim tíma löglærður fulltrúi hjá

sýslumanninum á Selfossi og frá 2015 hjá lögreglustjóranum á Suðurlandi. Grímur hefur verið yfirlögfræðingur ákærusviðs og staðgengill lögreglustjórans á Suðurlandi frá 1. apríl 2017 og var settur lögreglustjóri á Suðurlandi frá 1. janúar-15. mars 2020.
Margrét Kristín Pálsdóttir lauk meistaraþrófi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2013. Hún hefur starfað sem lögfræðingur hjá dómsmálaráðuneytinu (áður innanríkisráðuneyti) frá árinu 2012 þar sem hún hefur að megin stefnu sinnt verkefnum tengdum málefnum lögreglu og landamæra. Árið 2019 starfaði Margrét tímabundið hjá ríkislögreglustjóra við að setja á fót nýja landamæradeild innan embættisins auk þess sem Margrét var settur aðstoðar-ríkislögreglustjóri frá 1. janúar til 15. mars. 2020.

Laugardaginn kl 14:00

UMF SELFLOSS 1936

SPORT

pepsi MAX DEILDIN 2020

LJÓSAKVÖLDI AFLÝST

Hefðbundnu ljósakvöldi í Múlakoti sem vera átti laugardagskvöldið 5. september er aflýst vegna Covid-faraldursins.

Stjórn Vínafélagsins

Erum við að passa saman?

Starfsmaður Í KJÖTDEILD

óskast í Krónunni á Selfossi

Fylltu út umsókn á kronan.is/atvinna
Umsóknarfrestur er til 31.ágúst

KRONAN

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Óskast til leigu
Fyrirtaks leigjandi óskar eftir
einbýlishúsi (heilsárshúsi) í
nágrenni Selfoss eigi síðar en 1.
október nk. Sími 777 5651.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJUR

Selfosskirkja
Fermingarmessur verða í
Selfosskirkju laugardaginn 29.
ágúst og sunnudaginn 30. ágúst.
Af sóttvarnarástæðum eru
athafnirnar einungis opnar nán-
ustu aðstandendum fermingar-
barnanna.

Hveragerðiskirkja
Fermingarmessa kl. 11. Af sótt-
varnarástæðum er hún aðeins
opin fyrir nánustu aðstandendur.

Kotstrandarkirkja
Fermingarmessa kl. 13.30. Af
sóttvarnarástæðum er hún
aðeins opin fyrir nánustu
aðstandendur.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67 Selfossi, 29. ágúst.
Bíbliurannsókn kl. 11 og guðs-
þjónusta kl. 12, með ræðu verð-
ur Eric Guðmundsson.

TIL SÖLU

Hanar til sölu
Á nokkra skrautlega kynbóta
hana. Ættaða úr Borgarfirðinum.
Náni uppl. í s. 486 3392 (Lilja).

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Hætt við árshátíð en
boðið út að borða

Alþís Hafsteinsdóttir, bjar-
Astjóri Hveragerðis lagði til
í bréfi til bæjarráðs að hætt yrði
við árshátíð Hveragerðisbæjar
2020. Þess í stað yrði
starfsmönnum bæjarfélagsins
afhent gjafabréf á veitingastaði
í Hveragerði að eigin vali að
andvirði 5000 króna. Í bréfi
bæjarstjóra segir: „Óvissa vegna
síbreytilegra sóttvarnareglna og
þróun Covid-19 gerir að verkum
að afar erfitt er að skipuleggja
samkomur sem þessar. Við
vonum svo að hægt verði að
halda glæsilega árshátíð í mars
2021. Starfsmönnum sem látið
hafa af störfum og sem hefði
átt að bjóða til árshátíðar 2020

verður þess í stað boðið á næstu
árshátíð.“

Í umræðum sem fram fóru
í meirihluta D-lista kom fram
hugmynd sem gæti bæði verið
örðlitol sárabót fyrir árshátíðina
sem ekki varð og jafnaframt stutt
við rekstur í bæjarfélaginu. Eins
og fram kom að ofan var lagt til
að starfsmenn fengju gjafabréf
sem nýttist á veitingahúsum
bæjarins. Tillagan var samþykkt
þannig að bæjarráð ákvað að
hætt yrði við árshátíðina árið
2020 og starfsmenn sem eru að
störfum hjá bæjarfélaginu þann
1. september 2020 fái í hendur
gjafabréf.
-gpp

300 ár frá andláti Jóns Vídalín

Sunnudaginn 30. ágúst eru
liðin 300 ár frá andláti
herra Jóns Þorkelssonar
Vídalín í Biskupsbrekku
1720. Af því tilefni verður
vígður nýr kross og afhjúpað
minnismerki í brekkunni sem
Páll Guðmundsson á Húsafelli
hefur gert að tilstuðlan
Skálholtsfélagsins hins nýja.
Jón Vídalín er einn merkasti
biskup seinni alda í Skálholti
og kunnur af lærdómi sínum.
Eitt þekktasta ritverkið hans

er Vídalínspostilla. Af þessu
sama tilefni hefur verið gefið
út nýtt og vandað ritverk um
herra Jón Vídalín eftir Torfa
K. Stefánsson og ritar
forseti Íslands, Guðni
Th. Jóhannesson
formála að verk-
inu. Er það
bæði ævisaga
hans og valin
ritverk sem
hafa komið
sjaldnar
en nokkru
sinni út
á prenti.
Verkið er
gefið út af
Skálholts-
útgáfunni og
verður fánlegt
í Kirkjuhúsinu
og víðar. Útgáfu-
dagurinn er föstudagur
28. ágúst og verður stutt
afhöfn í Vídalínskirkju í
Garðabæ kl. 15 af því tilefni.
Verður streymt frá henni í ljósi
Covid-19 aðstæðna. Athöfnin
í Biskupsbrekku er öllum opin
og eru allir beðnir að gæta að
tilmælum almannavarna.

Dagskráin sunnudaginn 30.
ágúst er í nokkrum liðum og á
nokkrum stöðum. Messur verða
í Skálholtsdómkirkju kl. 11
þar sem Jón Vídalín er grafinn
og á sama tíma kl. 11 verður
tónlistarmessa í Garðakirkju á
Álftanesi en þar er Jón Vídalín
fæddur. Í Þingvallakirkju verður

helgistund kl. 15.30, bæði
inni og fyrir utan. Þar verður
kirkjuklukkunni hringt sem
Jón Vídalín gaf þegar hann
hafði verið vígður biskup í

Skálholti 1698 og þar
verður einnig lesið
úr lagaræðunni

sem Jón á að
hafa flutt
við upphaf
prestastefnu
á Þingvöl-
um. Vígslu-
athöfnin og
helgistundin
í Biskups-
brekku hefst
kl. 17. Til að
ljúka þessum
minnisverða
degi um
meistara Jón
Vídalín er hægt
að fylgja þeirri leið
sem farið var með Jón til
greiftrunar í Skálholt og verður
stutt bæn þar við legsteininn
hans í kjallara kirkjunnar. Í
Skálholti verður í boði að panta
sér kvöldverð í Skálholtsskóla
en nauðsynlegt verður að
hringja áður vegna allra
varúðarráðstafana sem gilda um
veitingastaði.

Biskupsbrekka er á
Uxahryggjaleið og um 20 km
upp frá Skógarhólum. Farið er
um malbikaðan veg langleiðina
upp að Kaldadalsleið en beygt
þar áður inná gamla veginn við
vegtenginguna að norðan.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Þessi mynd sýnir Jón Vídalín, biskup í Skálholti, sem var vígður biskup í Skálholti 1698.

Íbúar vilja lágvöruverðsverslun á Flúðir

Undirskriftasöfnun sem hrundið var af stað 13. júní sl. og stóð út júlímánuð var tekið fyrir á sveitarstjórnarfundum Hrunamannahrepps. Undirskriftasöfnunin fór af stað vegna mikillar óánægju með hátt vöru-

verð verslunarinnar á Flúðum. Fram kemur að sveitarstjórn taki heilshugar undir áskorunina og taku málið alvarlega. Sveitarstjórn mun koma áskoruninni á framfæri auk þess að boða rekstraraðila lágvöruverðsverslana til

viðræðna um uppbyggingu á lágvöruverðsverslun í sveitarfélaginu. „Að geta verslað í heimabyggð vörur á viðráðanlegu verði er hluti af grunnþjónustu sem skiptir miklu máli í almennum lífskjörum íbúa í sveitarfélaginu en hátt vöruverð á svæðinu kemur mest niður á þeim sem hafa ekki kost á að fara annað til að versla. Það er líka nauðsynlegt að okkar fjölmörgu gestir hafi kost á því að versla á viðráðanlegu verði. Einnig má geta þess að það, að geta fækkað ferðum í næstu lágvöruverslun sem staðsett er á Selfossi, myndi leggja lóð á vogarskálarnar í að minnka kolefnisútblástur.“
-gpp



Malbikað á Laugalandi og Hellu

Þessa dagana er góða veðrið nýtt til að ljúka ýmsum verkefnum fyrir haustið. Þannig var í vikunni lokið við að jarðvegs-skipta og malbika bílaplanið sunnan við skólahúsin á Laugalandi. Þegar búið verður að ganga frá hellulögn og lýsingu verður aðstaðan orðin hin glæsilegasta. Þá er lokið við að malbika plönin í kringum hina nýju slökkvistöð Brunavarna Rangárvallasýslu bs. sem stendur við Dynskála 49 á Hellu.

Með þessum framkvæmdum lýkur byggingu hinnar nýju slökkvistöðvar og ekkert því til

fyrirstöðu að taka hana formlega í notkun núna á næstu vikum.




Saga guðanna

eftir Þórhall Heimisson

Saga guðanna er fróðleg og yfirgripsmikil bók þar sem lesandanum boðið í ferðalag um heim trúarbragðanna. Fjallað er á aðgengilegan hátt um það sem helstu trúarbrögð mannkyns hafa sjálf fram að færa, saga þeirra rakin í stórum dráttum og helstu einkennum þeirra lýst. Með skrifum sínum vekur höfundur upp spurningar hjá lesendum og fær þá til að leita eigin svara andspænis því markmiði trúarbragðanna að kanna djúp mannshugans og

leita uppi kjarna tilverunnar. Þórhallur Heimisson hefur lengi verið starfandi prestur í íslensku og sænsku þjóðkirkjunni og hefur stundað framhaldsnám í trúarbragðasögu. Þá hefur höfundur ferðast vítt og breitt um heiminn einn og sem leiðsögumaður þar sem heimsóttar hafa verið höfuðstöðvar og söguslóðir trúarheima. Bókin er prýdd fjölda ljósmynda sem höfundur hefur tekið á ferðum sínum.



Skólastjórastöður í nýjum skólum

Sveitarfélagið Árborg er ört stækkandi sveitarfélag þar sem áhersla er lögð á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdóms-samfélagsins. Nú er komið að því að opna tvo nýja skóla á Selfossi. Annars vegar leikskólann Goðheima sem áætlað er að opna í mars 2021 og hins vegar nýjan grunnskóla sem opnar haustið 2021. Þar er nafnasamkeppni í gangi. Við höfum þörf fyrir öfluga stjórnendur og munum ráða bæði leikskóla-stjóra og skólastjóra frá og með 1. janúar 2021. Þeir koma að allri undirbúningsvinnu og faglegu samstarfi í tengslum við opnun skólanna. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem búa yfir leiðtogaþæfni og mikilli reynslu og þekkingu á skólastarfi.

Leikskólastjóri Goðheima

Meginverkefni

- Stýra og bera ábyrgð á undirbúningi á stofnun skólans, m.a. ráðningu starfsfólks
- Veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í Árborg
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Bera ábyrgð á stefnumörkun skólans sem tekur meðal annars mið af menntastefnu sveitarfélagsins og aðalnámskrá leikskóla

Menntun og hæfniröfur

- Leikskólakennararéttindi áskilin
- Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða kennslu ungra barna er mikill kostur
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Skólastjóri nýs grunnskóla á Selfossi

Meginverkefni

- Stýra og bera ábyrgð á undirbúningi á stofnun skólans, m.a. ráðningu starfsfólks
- Veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í Árborg
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Bera ábyrgð á stefnumörkun skólans sem tekur meðal annars mið af menntastefnu sveitarfélagsins, skýrslu undirbúningshóps og aðalnámskrá grunnskóla

Menntunar- og hæfniröfur

- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla í grunnskóla er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræði er mikill kostur
- Leiðtogaþæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun er skilyrði
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Þekking á teymiskennslu og sveigjanlegu skólastarfi er mikill kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Frekari upplýsingar um störf

Umsóknarfrestur er til 13. september 2020. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/SÍ og FSL. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Árborgar um að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, thorsteinnhj@arborg.is, sími 480 1900. Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið og framtíðarsýn umsækjanda varðandi þróun skólastarfs. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is/>.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Menningarganga um Selfoss

Menningarganga eldri borg-
ara um Selfoss undir
dyggri stjórn Kjartans Björns-
sonar, rakara, var farin þriðjudag-
inn 18. ágúst í blíðskaparveðri.
Gangan var um gamla bæinn
þar sem Ólafur Jónsson í
Singalsteini sagði frá. Gengið
var um göturnar Grænuvelli
og Fagurgerði. Þá var farið á
Bankavegin þar sem Sigfús
Kristinsson tók á móti fólkinu,
sagði sögu húsanna þar ásamt
því að segja frá burstabænum
sem nú rís við Bankavegin. Það
var svo Sigurður Grétarsson sem
tók á móti fólkinu við Hlaðavelli
og sagði sögu húsanna þar.
Að lokinni göngu var boðið
upp á kaffisopa. Gangan var
farin á vegum Sveitarfélagsins
Árborgar og fjöldi fólks nýtti
sér þetta skemmtilega framtak.
Allt fór þó fram með sóttvarnir
í huga og fólk meðvitað um að
virða nándarmörk.

Gangan tekin upp svo þeir sem ekki komust fái að njóta

Verkefnið sjálft var skipulagt
af Sveitarfélagsinu Árborg.
Að því komu nokkrir aðilar
innan sveitarfélagsins. Við
höfðum samband við einn af
verkefnastjórnunum í verkefninu,
Guðmundu Bergsdóttur,
nemanda í tómstundafræði við
HÍ og aðstoðarforstöðumanns
tómstundahúsanna í Árborg.
„Verkefninu var hleypt af
stokkunum meðal annars til
þess að gefa eldri borgurum
tækifæri til þess að eiga
góðan dag, hitta aðra og rjúfa
félagslega einangrun. Okkur
langaði svo til þess að færa



gönguna heim í stofu til þeirra
sem ekki sáu sér fært að mæta
af einhverjum orsökum. Það
gerðum við með því að fá
Magnús Hlyn Hreiðarsson til
þess að taka gönguna upp og
hún verður svo gerð aðgengileg
fyrir áhugasama fljótlega,” segir
Guðmundu. Þetta er þó ekki eina
verkefnið af þessum toga frá
sveitarfélaginu.

Þátttakan sýnir nauðsyn svona verkefna

Aðspurð hvort þetta sé hluti
af þeim aðgerðum sem
sveitarfélagið grípur til vegna
Covid-19 segir hún svo vera.
„Já, þetta er hluti af tilraun okkar
til þess að létta félagslega undir
með ýmsum hópum sem hafa
upplifað erfiðleika í tengslum
við þær takmarkanir sem í
gildi hafa verið að undanförunu.
Í vetur var það símaverkefni,
þar sem við hringdum til eldri
borgara sem það vildu og
spjölluðum við fólkið, sem
dæmi. Það hélt áfram í sumar og
mæltist vel fyrir. Þá vorum við
með hittinga á fimmtudögum
við nýju Lappset tækin og

gerðum æfingar. Verkefnin hafa
öll það markmið að stuðla að
jákvæðum samskiptum og ná til
sem flestra,” segir Guðmundu.
Aðspurð um þátttöku í
verkefnunum segir Guðmundu:
„Við erum afar ánægð að sjá
þann fjölda sem tekur þátt í
því sem er í boði hverju sinni.
Það sýnir okkur líka að það
er þörf fyrir svona verkefni
og við munum halda áfram á
sömu braut og skipuleggja fleiri
viðburði sem fólk getur nýtt sér
að taka þátt í sjálfu sér og öðrum
til gamans og gleði.“ -gpp



Norðurljósin farin á stjá

Það eru margir sem heillast
af því að elta norðurljós og
berja þetta náttúrufyrirbrigði
augum. Undanfarið hefur skýja
og veðurfar verið með þeim hætti
að þau hafa látið sjá sig á kvöldin

þegar rökkrið húmar að. Þessi
mynd var tekin við Ölfusána,
en Hallgrímur P. Helgason
slær ekki slöku við í fundum
sínunum við frú Áróru, eins og
hann kallar norðurljósin. Fyrir

áhugasama heldur Veðurstofan
úti svokallaðri norðurljóspá á
heimasíðu sinni sem má styðjast
við þegar fanga skal ljósin. Hún
er samsett úr spá um skjáhulu
yfir landinu ásamt spá um virkni
norðurljósa, það er hvort
þeirra sé að vænta. -gpp



Stálsmíði



- Stálinnréttingar
- Stálfestingar
- Ákeyrsluvarnir
- Sérsmíði

Andraco ehf

Lynghæð, Urriðafossvogi, 803 Selfossi.
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓUSTU
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

BÓNFÉÐGAR



Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Jiibbi
Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

Rétting
og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020

BRACAF
VINATTU!

Josera

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur

Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti


Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is



Gisti G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

25.
ára

